



4. ágúst 2005

Reglubyrði felur í sér áhættu

*Menn eru almennt sammála því að kostnaður atvinnulífsins af hinum ýmsu opinberu reglum hafi aukist umtalsvert og muni enn aukast í náinni framtíð. Þetta kom meðal annars fram hjá þeim erlendu stjórnendum sem tóku þátt í könnun **The Economist** um áhættu af reglubyrði. Telja menn tvær leiðir vænlegar til þess að bregðast við þeirri áhættu sem ávallt blasir við atvinnulífinu vegna reglubyrði. Annars vegar er talið heppilegt að stunda „góða stjórnarhætti“, hins vegar er talið mikilvægt að vera í góðu sambandi við reglusetningarvaldið.*

Ví skoðar hvernig best er að bregðast við auknu regluverki hérlandis.

Í síðustu viku birti *The Economist* skýrslu um áhættuna af reglusetningum ([Regulatory Risk: Trends and strategies for the CRO](#)) þar sem fjallað er um afleiðingar reglubyrði og þær leiðir sem fyrirtæki geta farið til þess að bregðast við þeim. Skýrslan var unnin upp úr könnun meðal fyrirtækja úr ýmsum greinum víðs vegar um heiminn og viðtölum við stjórnendur sem fara með áhættugreiningu innan þeirra. Niðurstöður könnunarinnar koma ekki beint á óvart og þótt íslensk fyrirtæki hafi ekki verið meðal þátttakenda eiga þær vísbendingar sem fram koma um afleiðingar reglubyrði allt eins við hér á landi.

Kostnaður af reglubyrði mun aukast í framtíðinni að mati 90% þeirra sem tóku þátt í könnunni. Af þeim telja 36% að kostnaður muni aukast verulega. Þetta hefur auðvitað ýmsar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir viðskiptavinum fyrirtækjanna sem þurfa að taka á sig hluta þess kostnaðar, og fyrir fyrirtækin sjálf. Þannig töldu 36% stjórnenda að reglubyrði hafi heft þróun innan fyrirtækisins.

Áhættan af reglubyrði eykst þegar fyrirtæki fara í útrás að mati fyrirtækjanna sem um leið viðurkenna að þau standa höllum fæti þegar kemur að því að fylgja reglum í erlendu ríki. Einungis 17% fyrirtækjanna sögðust geta fullyrt að þau væru algerlega með á nótunum þegar kæmi að reglubyrðinni í ókunnugu landi. Til samanburðar voru það 40% fyrirtækja sem gátu fullyrt slíkt hið sama varðandi heimaland sitt. Þá voru einungis 5% fyrirtækjanna sem gátu með vissu fullyrt að þau fylgdu rétt alþjóðlegum reglum á borð við alþjóðlega reikningsskilastaðla og Basel II reglunum.

Reglugerðir hefta verulega útrás fyrirtækja. Meirihluti stjórnenda viðurkenna að reglubyrði í ókunnugu landi hefur mjög mikil áhrif á fjárfestingaáákvörðanir. Einungis 4% stjórnenda sögðu þetta skipta litlu máli. Þá kemur fram í skýrslu *The Economist* að 1/3 fyrirtækjanna hafði hikað við fjárfestingar erlendis vegna þessa.

Hvernig bregðast fyrirtækin við þessari áhættu? Stjórnendurnir í könnun *The Economist* telja tvær leiðir vænlegar til þess að bregðast við þeirri áhættu sem ávallt blasir við atvinnulífinu vegna reglubyrði. Annars vegar telja þeir heppilegt að stunda

„góða stjórnarhætti“, eða a.m.k. þá stjórnarhætti sem menn telja að stjórnvöldum geti verið þóknanlegir, og þannig komið í veg fyrir að tilefni gefist til reglusetningar. Hins vegar telja þeir vænlegt að vera í góðu sambandi við reglusetningarvaldið, m.a. til þess að koma að reglasmíði á fyrstu stigum og fá þá þannig jafnvel tækifæri til þess að leiðrétta misskilning sem gjarnan er uppspretta hugmynda um aukna þörf á reglum.

Eiga þessi sjónarmið við hér á landi?

Tvímælalaust koma niðurstöður könnunar *The Economist* heim og saman við það sem íslenskt atvinnulíf þekkir. Þannig eru menn almennt sammála því að kostnaður atvinnulífsins af hinum ýmsu reglum hér á landi og erlendis hafi aukist umtalsvert og muni enn aukast í náinni framtíð. Bæði er um að ræða beinan og óbeinan kostnað. Sem dæmi má taka Basel II reglurnar sem lúta að starfsemi lánastofnana og upplýsingagjöf við lánshæfismat og taka gildi árið 2007. Á [fundi](#) sem SA og Samtök íslenskra sparisjóða héldu í vor komu einmitt fram varnaðarorð varðandi aukinn kostnað fyrirtækja af ítarlegri upplýsingagjöf til fjármálafyrirtækja.

Íslenskt atvinnulíf hefur ekki farið varhluta af áhrifum reglubyrði á erlendar fjárfestingar. Án efa eru dæmi um að hugmyndir erlendra aðila um fjárfestingu hér á landi hafa að engu orðið í kjölfar ítarlegrar skoðunar á viðeigandi regluverki. Þó eru einnig dæmi um að þau vandamál sem erlendir aðilar rekast á við slíka skoðun séu leyst af hálfu stjórnvalda með breyttum reglum. Þetta gefur hins vegar til kynna að regluverk, einkum of flókið, hefur áhrif á erlendar fjárfestingar hér á landi.

Íslensk fyrirtæki hafa í útrás sinni einnig mátt láta reyna á regluverk í öðrum löndum. Það má velta því fyrir sér hvort að tiltölulega lítil útrás Íslendinga inn í bandarískt atvinnulíf, a.m.k. í samanburði við útrás til annarra landa undanfarið, tengist því eitthvað að reglubyrðin í Bandaríkjunum þykir gríðarleg og reglur þar gríðarlega flóknar oft á tíðum. Í skýrslu *The Economist* kemur einmitt fram að bandarískt atvinnulíf er talið búa við mikla reglubyrði og virðist af tölum í skýrslunni muna miklu á Bandaríkjunum og Þýskalandi sem kemur næst á eftir. Minnsta reglubyrði töldu stjórnendur í könnunni vera að finna í Austur-Evrópu.

Hvernig er brugðist við hér á landi?

Frumkvæði VÍ, Kauphallar og SA með *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, og áhugi atvinnulífsins á þeim, gefur til kynna að það virðist vera almennur áhugi meðal íslenskra stjórnenda að stunda góða stjórnarhætti og draga þannig úr að settar séu bindandi reglur eða jafnvel lög um alla hugsanlega þætti í fyrirtækjarekstri. Markmiðið með *Leiðbeiningunum* er enda sá að hvetja til samstilltrar hegðunar á tilteknum sviðum án þess þó að missa sjónar á þeirri staðreynd að fyrirtæki verða að hafa svigrúm til þess að þróast hvert með sínum hætti. Stjórnvöld hafa að mörgu leyti tekið undir þetta markmið atvinnulífsins.

Þá hefur VÍ einnig í áranna rás haft frumkvæði að góðu samstarfi við bæði löggjafarvald og framkvæmdarvald um aðkomu að þeirri reglusetningu sem varðar atvinnulífið. Það samstarf hefur verið viðskiptalífinu afar mikilsvert en um leið hlýtur það einnig að hafa verið reglusetningarvaldinu mikilvægt. Ef vel á takast til með að framfylgja nýjum reglum er ljóst að bæði reglusetningarvaldið og þeir sem reglurnar ná til þurfa að hafa sama skilning á regluþörfinni og áhrifum þeirra. Bæði atvinnulíf og stjórnvöld er áfram um að samstarf að þessu leyti sé gott.

Að þessu sögðu er ekki ólíklegt að einhver spyrji hvort að auknar reglur sé almennt góð þróun eða slæm, einkum í ljósi þess að stjórnendur fyrirtækja viðurkenna að margar hinna nýju reglna séu af hinu góða og til þess fallnar að treysta atvinnulífið í heild.

Verslunarráð hefur lengi haldið því fram að einfaldar, gagnsæjar og almennar reglur séu af hinu góða en flóknar og tilviljanakenndar reglur ekki. Þannig hefur VÍ goldið varhug við því að hlaupið sé upp til handa og fóta við einstaka viðburði í viðskiptalífinu og reynt að búa til sérstaka reglu sem tekur til atviksins. Nær væri að leiða hugann að því af hverju reglum er ekki fylgt, ef svo ber undir. Oftar en ekki má þar um kenna vankunnáttu, bæði af hálfu atvinnulífs og þess opinbera sem á að framfylgja reglunni. Oft má hins vegar kenna því um að sá ávinningur sem haldið er fram að reglubyrðin hafi í för með sér er afar óljós eða í miklu ósamræmi við þá byrði sem reglurnar sannanlega eru fyrir atvinnulífið.

Verslunarráð hvetur til þess að stjórnvöld, í samvinnu við atvinnulífið, hugi kerfisbundið að því hvernig megi draga úr reglubyrði í atvinnulífinu. Í þeirri vinnu telur VÍ nauðsynlegt að borinn sé saman gaumgæfilega annars vegar ávinningurinn af nýjum og nógildandi reglum og hins vegar kostnaðurinn sem af þeim hlýst og aðrar afleiðingar s.s. áhrif á erlendar fjárfestingar hér á landi.

Nánari uppl.. Sigríður Á. Andersen lögfræðingur og Þór Sigfússon framkvæmdastjóri.